



Reglugerð um venslasamninga

breytt 15.3.2025

1. grein

Félögum innan KKÍ er heimilt að gera venslasamninga sín á milli.

Með venslasamning er átt við að leikmenn fari frá félagi sem er í efri deild (móðurfélag) til félags sem er í neðri deild (fósturfélag) en haldi réttindum sínum til þátttöku í mótum hjá móðurfélaginu. Einnig geta leikmenn félaga sem ekki starfrækja meistaraflokk (móðurfélag) farið að láni til liða (fósturfélag) sem ekki leika í efstu deild.

Leikmenn á venslasamning mega leika með meistaraflokki fósturfélags en ekki B eða U liðum meistaraflokks, eða yngri flokkum hjá fósturfélaginu. Tilgangur venslasamnings er að gefa eldri leikmönnum sem eru við það að brjótast inn í meistaraflokk síns félaga reynslu og tækifæri í neðri deildum.

2. grein

Leikmaður skal ekki vera eldri en 24 ára þegar venslasamningur er gerður og skal hann gilda út keppnistímabilið. Leikmenn sem verða 25 ára á tímabilinu mega því klára yfirstandandi keppnistímabil.

3. grein

Félag í efri deild (móðurfélag) getur að hámarki veitt 6 leikmönnum sínum venslasamning til annara félaga hverju sinni.

4. grein

Félag í neðri deild (fósturfélag) getur að hámarki gert venslasamning við 3 leikmenn, það er haft 6 leikmenn það er, haft 6 leikmenn á virkum venslasamningum hverju sinni, svo framarlega sem þeir koma frá sama móðurfélagi. Fósturfélög sem fá leikmenn á venslum frá fleira en einu móðurfélagi geta að hámarki gert venslasamning við 3 leikmenn, það er haft 3 leikmenn á virkum venslasamningum hverju sinni.

Mótanefnd skal eftir fremsta megni gæta þess að leikir móður- og fósturfélags falli ekki á sama leikdag.



5. grein

Þeim sjö (7) leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir móðurfélag er ekki heimilt að vera á venslasamning. Er þar átt við alla leikmenn viðkomandi félags á yfirstandandi keppnistímabili sem sannanlega hafa leikheimild með liðinu hverju sinni.

Erlendir leikmenn sem farnir eru frá félaginu teljast ekki með þar sem þeir hafa ekki lengur atvinnu- og dvalarleyfi í gegnum félagið sem um ræðir og/eða leikheimild þeirra hefur verið send erlendis frá skrifstofu KKÍ. Miða skal við heildarmínútur í Íslandsmóti innan yfirstandandi keppnistímabils deilt með fjölda leikja til að finna meðaltal leikmanna.

Félög sjá sjálf um að tryggja að lánsleikmenn þeirra séu ekki yfir meðaltali sjö (7) mínútuhestu leikmanna hjá móðurfélagi sínu til að tryggja að þeir séu löglegir á hverjum tíma.

6. grein

Um venslasamninga gilda almennar reglur um félagaskipti í meistarflokki karla og kvenna.

7. grein

Lánsfélög öðlast engan rétt til leikmanns sem það fær frá móðurfélagi. Móðurfélag getur rift samningi hvenær sem er á keppnistímabilinu og þarf að tilkynna það til KKÍ á skrifstofutíma óski það þess. Leikmaður má gera nýjan venslasamning á tímabilinu að gefnu samþykki móðurfélags og eins og almennar reglur um félagaskipti segja til um.

8. grein

Venslasamningur öðlast ekki gildi fyrr en formlega hefur verið tilkynnt um hann til KKÍ og skrifstofa KKÍ hefur staðfest gildistöku hans til forsvarsmanna beggja félaga.